



DV-MYNDIR EINAR J.

Frækir veiðimenn

Verðlaunahafar á árhátíð Stangaveiðifélags Reykjavíkur stilla sér upp til myndatöku ásamt verðlaunagripum sínum.

**Gull- og silfurflugan afhent**

Ingvar Guðmundsson hlaut Gull- og silfurfluguna í ár fyrir að hafa veitt stærsta lax ársins á öllum veiðisvæðum félagsins. Hér tekur hann við gripnum góða úr hendi Sigurðar Steinþórssonar.

Árshátíð Stangaveiðifélags Reykjavíkur:

Tíu glæsileg verðlaun veitt

Hún var fjórleg árshátíð Stangaveiðifélags Reykjavíkur sem haldin var á Hótel Sögu á laugardagskvöldi. Skemmtiatriði voru mörg og fjöl-

breytt en veislustjóri var Gísli Marteinn Baldursson og heiðursgestur Halldór Ásgrímsson. Veitt voru verðlaun fyrir stærstu laxa sumarsins, tíu glæsileg verðlaun voru veitt en þau afhentu Valtýr Guðmundsson og Ari Þórðarson úr fræðslunefnd félagsins.

Afreksbikar kvenna

Að þessu sinni krækti Ragnheiður Halldórsdóttir í þennan bikar fyrir stærsta lax veiddan á flugu af konu á öllum veiðisvæðum félagsins. Ragnheiður veiddi fiskinn í Hítará 9. september á fluguna Collie Dog. Fiskurinn vor 7 kg.

Konubikarinn

Ragnheiður Halldórsdóttir fær einnig þennan bikar fyrir 7 kg laxinn sem hún veiddi á fluguna Collie Dog í Hítará þann 9. september eins og áður hefur komið fram.

Útilífsbikarinn

Þetta árið hreppir Pétur H. Ólafsson bikarinn fyrir 3,6 kg lax veiddan á fluguna Black Braham þann 19. júlí en hann er veittur fyrir stærsta lax veiddan á flugu í Elliðaám.

Cortlandbikarinn

Jens P. Clausen fær bikarinn fyr-

**Sungið af lyst**

Söngvararnir Jóhann Friðgeir, Andrea Gylfadóttir og Diddú skemmtu stanga-veiðimönnum með himneskum söng sínum.

**Í kjól og hvítt**

Bubbi Morthens, tónlistarmaður og stangaveiðimaður með meiru, lét sig að sjálfsögðu ekki vanta á árhátíðina. Hér er hann ásamt Sigurði Steinþórssyni, hönnuði Gull- og silfurflugunnar eftirsóttu.

ir 7,8 kg lax veiddan á fluguna Black Braham í Norðurá þann 24. ágúst.

Ron Thompson-styttan

Stærsta lax á flugu í Stóru Laxá fékk Guðmundur Stefán Mariasson. Hann veiddi 9,2 kg fisk 30. september á svæði III og tók fiskurinn rauða Francis-keilu.

Veidivonarbikarinn

Sogið statar oft af stórum löxum og þetta árið reyndist stærsti lax veiddur á flugu koma í hlut Ingvars Guðmundssonar. Hann veiddi 9,5 kg fisk á Blue Charm þann 6. september á svæði Alviðru.

Nanoq-bikarinn

Gylfi Valtýsson veiddi stærsta lax á flugu í Hítará árið 2001 og það gerði hann 14. september á rauða Frances-túbu. Laxinn vor 7,1 kg.

Redingtonbikarinn

Þessi bikar er veittur fyrir

stærsta lax eða sjóbirting veiddan á flugu í Tungufljóti og þetta árið var það Svend Richter sem vann það afrek þann 18. október. Fiskurinn tók Snældu og vor 9,3 kg.

Vesturrastarbikarinn

Stærsta lax á leyflegt agn á öllum ársvæðum Stangaveiðifélags Reykjavíkur árið 2001 veiddi Stefán Kristjánsson. Stefán veiddi 10,2 kg fisk á Devon 27. september í Soginu fyrir landi Bildsfells.

Gull & silfur-flugan

Þau verðlaun sem flestir taka eftir eru verðlaun Gull & silfurverslunarinnar og það reyndist vera Ingvar Guðmundsson sem hana hlýtur fyrir stærsta lax veiddan á flugu á öllum ársvæðum SVFR á síðasta ári. Laxinn var 9,5 kg og kom á Blue Charm þann 6. september í Soginu við Alviðru.

-G.Bender

**Tekið á móti blómum**

María Karen Sigurðardóttir forstöðumaður afhendir Guðmundi blómvönd.

Guðmundur Ingólfsson í Grófarsal: Óðöl og innréttingar

Á laugardaginn var opnuð sýning á verkum Guðmundar Ingólfssonar ljósmyndara í Grófarsal Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Guðmundur er í hópi okkar kunnustu ljósmyndara og er hver sýning á verkum kærkomin öllum áhugamönnum um ljósmyndun. Sýningin í Grófarsal ber yfirskriftina Óðöl og innréttingar og samanstendur af fjórum myndaseríum sem Guðmundur hefur unnið í gegnum tíðina í Reykjavík og

nágrenni. Bregður ljósmyndarinn meðal annars upp myndum af mannlífi í miðborginni, gömlum sjoppum og horfum pylsuvögnum sem minna okkur á hvernig okkar nánasta umhverfi breytist með tíð og tíma.

Breiðholt í nýju ljósi



DV-MYNDIR EINAR J.

Skipulagshöfundar heiðraðir

Við opnun sýningarinnar fengu skipulagshöfundar Breiðholtshverfis afhenta blómvendi fyrir störf sín. Frá vinstri: Guðrún Jónsdóttir, Knútur Jeppesen, Ágústa Kristófersdóttir sýningarstjóri, Stefán Örn Stefánsson (fyrir hönd Reynis Vilhjálmssonar) og Gunnar Friðbjörnsson (fyrir hönd Geirharðs Þorsteinssonar).

Áhugi á skipulagsmálum hefur aukist til muna á undanförunum árum, meðal annars í kjölfar umræðu um framtíð Vatnsmýrarsvæðisins og byggingu tónlistarhúss í miðborginni. Á laugardaginn var opnuð í Listasafni Reykjavíkur sýning sem ber yfirskriftina Byggt yfir hugsjónir, Breiðholt frá hugmynd að veruleika. Eins og nafnið gefur til kynna er þar brugðið ljósi á Breiðholtshverfi í Reykjavík og fjallað um skipulag hverfisins og byggingu þess frá ýmsum hliðum. Ágústa Kristófersdóttir, sagnfræðingur og safnvörður í Listasafni Reykjavíkur, ber hitann og þungann af sýningunni og hefur hún víðað að sér efni úr ýmsum áttum til að gefa sem gleggsta mynd af hverfinu. Meðal annars notar hún gamlar blaðgreinar, sjónvarpsmyndir, skipulagsupprætti og líkön.

**Borgarstjóraefnið kynnir sér Breiðholtíð**

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra og borgarstjóraefni, var meðal gesta á Breiðholtssýningunni. Hér sýnir Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, Birni líkan af hverfinu góða.

Ford

SÉR PANTANIR

BÍLABÚÐ RABBA

•• Tangarhófa 2 •• Sími 567 1650 ••

Ótrúleg vetrarævintýri fyrir norðan!

SPORTFERDIR Akureyri - Mývatn

Netfang: sporttours@sporttours.is
www.sporttours.is - sími 461 2968

HÓTEL KEA FLUGFÉLAG ISLANDS SÁ - MÓTEL Mývatni COINTREAU SBA-NORÐURLEIÐ